

## 1223. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 10. nóvember 2021, kl. 17:30 í fjarfundi á TEAMS.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Gestur:** Elva Hrönn Hjartardóttir frá Þróunarsviði VR

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1222. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1222. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt en verður undirrituð á næsta staðfundi.

#### 2. Tungutak varðandi kynbundin orð

Gestur fundarins, Elva Hrönn Hjartardóttir starfskraftur á Þróunarsviði VR tók til máls og lagði fram skjalið „Við erum ÖLL fólk“ dags. 10.11 2021 og fór yfir á slæðum.

Í máli Elvu Hrannar kom m.a. fram að um væri að ræða kynningu um fjölbreytileika og orðanotkun í VR sem hún hafði flutt á fundi starfsfólks fyrir nokkru en tilefnið eru sífelldar vangaveltur innan skrifstofu VR um hvaða orð við ættum að nota í okkar starfi til að mæta hinum mörgu kynjum og þróun málnotkunar sem vörðu í átt að fullu jafnrétti.

Sem dæmi tók hún orð sem áður voru mikið notuð s.s. félagsmaður, starfsmaður, launþegi og vinnuveitandi en þessum orðum skiptum við nú út fyrir félagi, félagsfólk, starfskraftur, starfsfólk, launamanneskja, launafólk og atvinnurekandi svo dæmi séu tekin.

Hjá VR viljum við fanga fjölbreytileika samfélagsins og notum því kynlaus persónufornöfn eins og öll, flest, mörg o.s.frv.

En auðvitað er málið enn í þróun og við erum enn að nota orð eins og formaður, aðalmaður og varamaður. Spurning er hvort ekki sé ástæða til að leggjast yfir málið og móta okkur stefnu um orðanotkun því að á meðan hér ríkir ekki fullkomið jafnrétti verðum við að ávarpa það sem stuðlar að misrétti og breyta því.

Umræður.

Að loknum líflegum umræðum var Elvu Hrönn þakkað fyrir gott innlegg og vék hún af fundi kl. 17:55



### 3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að staðan í Eflingu, eftir skyndilegt brotthvarf Sólveigar Önnu og Viðars framkvæmdastjóra, hafi verið rædd á vettvangi ASÍ og þetta sé döpur orðræða. Mjög leitt er að horfa á þá sundrunu sem þetta hefur valdið innan hreyfingarinnar. Hann hafi ekki blandað sér í þessa umræðu enda sé það forarpyttur og gamlir plástrar séu nú rifnir af.

En í ljósi þessa er hann þakklátur fyrir góða vinnu stjórnenda skrifstofu VR og samheldni starfsfólks okkar en ekki síst góð samskipti milli stjórnar VR og starfsfólks. Þetta veldur því að við getum einbeitt okkur að baráttunni fyrir réttindum félagsfólks VR.

Fundur verður á vegum ASÍ í janúar nk. um lífeyrismál þar sem verður til umræðu styrkur lífeyrisfyrirkomulags okkar og spurningar um samspil kerfa.

Samninganefnd ASÍ hefur verið virkjuð og er nú m.a. beðið eftir nýjum stjórnarsáttmála og er fylgst með því hvort ekki verði efndir á eldri loforðum stjórnvalda gagnvart atvinnulífínu. Svo er líklegt að VR og LÍV verði í lykilhlutverkum í næstu kjaraviðræðum vegna stöðunnar í Eflingu.

Verið er að klára samþykktir fyrir Blæ leigufélagið og verða vonandi góðar fréttir af því máli á næsta stjórnarfundi m.a. mögulegt samstarf við innviðasjóði.

Herferð VR um þriðju vaktina, sem nú er hafin, sýnir vel styrk félagsins og stjórnarfólks í trúnaðarstörfum fyrir félagið og sem hafa sett mark sitt á störf félagsins þannig að sómi er af.

Umræður.

### 4. Fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2022

Ragnar Þór sagði vinnuna kringum áætlanagerðina hjá VR vera sérlega vandaða og hefur hann ekki séð svona fína vinnu þar sem djúpt er farið í alla starfsemi og rekstur þannig að stjórnarfolk sé gríðarlega vel upplýst um öll þau atriði sem þau þurfa að vita og bera ábyrgð á.

Stefán tók til máls og lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2022 skipt á sjóði*“, „*Samstæða VR – fjárhagsáætlun VR 2022*“ og „*Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2022 – greinargerð*“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að stóra myndin væri sú að rekstrartekjur ársins 2022 væru áætlaðar 5.1 milljarður kr. sem er 19% aukning frá fyrra ári. Rekstrargjöld væru áætluð 4.8 milljarðar kr. sem er 11% aukning þannig að rekstrartekjur umfram gjöld séu áætluð 304 milljónir kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 492 milljónir kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar 702 milljónir kr.

Næst fór Stefán yfir rekstraráætlunina sundurliðaða á sjóði og sagði reiknað með að allir sjóðir félagsins væru reknir með afgangi. Reiknað er með að tekjur Félagssjóðs verði 1.7



milljarðar kr. en þar koma til félagsgjöld og gjald í Vinnudeilusjóð. Tekjur Sjúkrasjóðs VR verði 2.4 milljarðar kr. og Orlofssjóðs VR 603 milljónir kr. árið 2022.

Að þessu loknu fór Stefán nú mjög ítarlega yfir alla liði rekstraráætlunar og skýringar með hverjum lið en í máli hans kom m.a. fram að gert sé ráð fyrir svipuðum rekstri og var árið á undan en hafa beri í huga við samanburð milli tímabila að einstök verkefni hafa færst á milli tímabila/ára vegna Covid-19 faraldursins.

Gerði Stefán nú grein fyrir forsendum hvers og eins af sjóðum VR og stærstu verkefnum og þróun helstu stærða. Grunnforsendur eru þær að gert er ráð fyrir að félagsfólki fjölgi um 2,5% og að heildarlaun félagsfólks árið 2022 hækki um 6,4%. Þá er miðað við að atvinnuleysi á meðal félagsfólks VR verði 3% samanborið við 6,1% árið 2021 og áætluð verðbólga verði 4,5%. Þá er reiknað með því að vænt meðalávöxtun verðbréfasafna verði um 4,7% en raunávöxtun verði 0,7%. Gert er ráð fyrir að stöðugildi hjá félaginu verði 65 á árinu 2022 og fjölgi um 1,75 stöðugildi.

Hafa verður í huga að vegna Covid-19 hefur þurft að fresta einstökum verkefnum og fundum og flyst því kostnaður til á milli árána 2021 og 2022.

Stefán skýrði frá verkefnahópum sem settir hafa verið af stað í framhaldi af tæknistefnu hjá félaginu árið 2021 sem er nýtt fyrirkomulag við stjórnun stærri verkefna. Fór hann yfir verkefni sem bæði er lokið, er verið að vinna og sem farið verður í með skipulögðum hætti á þessu og næsta ári.

Varðandi VR varasjóð kom fram að framlag í sjóðinn verði lagt fram til samþykktar á aðalfundi VR en lagt er til að framlagið hækki um 20 milljónir kr. og verði 805 milljónir kr en svo virðist sem svigrúm Sjúkrasjóðs VR til greiðslu í VR varasjóð árið 2021 haldi áfram á árinu 2022 og er reiknað með að útgreiðsla úr varasjóði hækki um 16% frá áætlun ársins 2021 og verði 791,7 milljónir kr. Ræddi Stefán einnig hvort skilgreina eigi sjóðinn sem eign VR eða félagsfólks en þá ætti að skrá það sem skuld félagsins við félagsfólk og kæmi sem skuldbinding inni ársreikning og ættu eignir að lækka á móti. Framlag í varasjóð yrði því gjaldfært en ekki úttektirnar úr sjóðnum ef þetta væri gert.

Fór Stefán næst ítarlega yfir öll helstu verkefni og þróunarmál næsta árs, skrifstofu- og stjórnunarkostnað, útbreiðslu- og félagsmál, kostnaður við stöðugildi og fjárfestingar félagssjóðs en áætlaðar eru 70 milljónir kr. í fjárfestingar sjóðsins m.a. vegna endurbóta utanhúss á Kringlunni 7.

Þá fór Stefán yfir rekstraráætlun Sjúkrasjóðs VR, vöxt sjúkrasjóðsiðgjalda og hlutföll sjúkradagpeninga sem hlutfall af iðgjöldum síðustu ára en reiknað er með að það verði 75% á árinu 2022. Á sama hátt fór hann yfir þróun hjá Orlofssjóði VR, sagði frá útleigu orlofshúsa en reiknað er með að félagið verði með 84 hús/íbúðir til útleigu á næsta ári og að nýting verði á bilinu 60% - 65% á ársgrundvelli sem er svipað og árið 2021.

Varðandi fjármunatekjur sagði Stefán að gert sé ráð fyrir 2,0% vöxtum af

bankareikningum og fór hann svo yfir vænta ávöxtun á verðbréfasafni félagsins og sýndi þróun þess síðustu árin en gerð er áætlun um ávöxtun á sérhverjum eignaflokki. Óljóst er hvert markaðir muni fara á næsta ári en VR er langtímafjárfestir sem þolir að taka á sig sveiflur í ávöxtun.

Umræður.

## 5. Fjárfestingastefna VR

Ragnar Þór rifjaði upp að stjórn hafi fengið kynningu á fjárfestingastefnu félagsins á síðasta fundi frá starfsfólki Íslandsbanka. Hann hafi beðið Stefán um að stilla upp breytingartillögu í ljósi þeirrar umræðu og sem hann leggi til að verði samþykkt nú í kvöld.

Stefán tók til máls og lagði fram skjalið „Breyting á fjárfestingastefnu VR nóv. 2021“ dags. 10.11 2021 og fór yfir efni þess á slæðum.

Fyrst fór Stefán yfir stefnuna eins og hún er í dag og eignir VR í verðbréfum sem var 13.1 milljarður kr. þann 30. september 2021 en var 12.4 milljarðar kr. 31. desember 2020.

Þá sýndi Stefán á mynd hvernig verðbréfasöfnin skiptast á milli sjóða og svo spá um ávöxtun árið 2022 en áætlaðar vaxtatekjur og gengismunur 2022 eru 623 milljónir kr.

Næst fór Stefán yfir þróun á S&P 500 vísitölunni, raunávöxtun og V/H gildi. Skoðaði hann líka verðbólguþróun milli landa og í samanburði við Ísland og lagði svo fram tillögu að breytingu á fjárfestingastefnu sem er eftirfarandi:

	Hlutfall							
	30. sept 2021	Stefna	Lágmark	Hámark	Ný stefna	Lágmark	Hámark	
<b>Eignaflokkur</b>								
Innlán	2,98%	0,0%	0,0%	25,0%	0,0%	0,0%	30,0%	
Ríkisskuldabréf	56,86%	79,0%	50,0%	100,0%	77,0%	53,0%	100,0%	
<i>Verðtryggð ríkisskuldabréf</i>								
<i>Óverðtryggð ríkisskuldabréf</i>								
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,12%	0,0%	0,0%	7,0%	1,0%	0,0%	7,0%	
Skuldabréf lánastofnana	0,33%	0,0%	0,0%	4,0%	0,0%	0,0%	4,0%	
Sértryggð skuldabréf	5,81%	3,0%	0,0%	10,0%	4,0%	0,0%	12,0%	
Skuldabréf fyrirtækja	2,87%	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	0,0%	5,0%	
Aðrar fjárfestingar	0,00%	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%	0,0%	2,0%	
Innlend hlutabréf	6,27%	2,0%	0,0%	10,0%	2,0%	0,0%	7,0%	
Erlend fyrirtækjaskuldabréf		0,0%			5,0%	0,0%	9,0%	
Erlend ríkisskuldabréf og bankainnlán	0,06%	1,0%	0,0%	10,0%	6,0%	0,0%	14,0%	
Erlend hlutabréf	20,69%	15,0%	3,0%	35,0%	5,0%	0,0%	10,0%	
Samtals	100,00%	100,0%			100,0%			

Þá fór Stefán yfir það hvernig yrði með núverandi stefnu og breytta stefnu ef hlutabréfaverð lækki um 15% og ef það lækkaði um 25% eða hækkaði samsvarandi eða stæði í stað á milli ára.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreinda breytingartillögu á fjárfestingarstefnu VR til samþykkis að viðbættu því að Stefán fengi svigrúm til að lækka stefnu um erlend fyrirtækjaskuldabréf og verður endanlegt skjal sent stjórnarfólki í kjölfarið.

Samþykkt.

Ragnar Þór óskaði nú eftir samþykki fundarins fyrir því að lengja fund til kl. 21:00  
Samþykkt.

## **6. Skipun uppstillinganefndar um val á stjórnarfólki í Lífeyrissjóð verzlunarmanna**

Ragnar Þór sagði það hafa komið á óvart hve mikill áhugi reyndist meðal stjórnarfólks á setu í uppstillingarnefndinni þegar málið var rætt á síðasta fundi en allt ferlið um val stjórnarfólks er njörvað niður í regluverki. Hefur hann því ákveðið að freista þess að vera ekki með kosningu nú um þessi sæti heldur biður hann um traust til að skipa í þessi sæti núna og hin sem áhuga hafa komi inn næst. Gerir hann því tillögu um eftirfarandi:

Aðalsæti tækju:

Ragnar Þór Ingólfsson

Jón Steinar Brynjarsson

Harpa Sævarsdóttir

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Friðrik Boði Ólafsson

Varasæti tækju:

Selma Björk Grétarsdóttir

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Umræður.

Bar Ragnar Þór upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt.

Fundi er slitið kl. 21:00

Árni Leósson, fundarritari

